

3. stjórnarfundur Arnardrangs hses.

13.01.2023

Staðsetning: Bankinn vinnustofa

Fundur hófst klukkan 09:00

Mætt:

Bragi Bjarnason, Ása Valdís Árnadóttir, Anton Kári Halldórsson og Ingibjörg Garðarsdóttir. Fjóla St. Kristinsdóttir og Íris Ellertsdóttir boðuðu forföll. Arnar Haraldsson var með í fjarfundi og vék af fundi eftir lið 1.

Ása Valdís Árnadóttir ritaði fundargerð.

1. Rekstraráætlun Nauthagi 2

HLH ráðgjöf hefur undanfarið unnið að drögum að rekstraráætlunum fyrir íbúakjarnann við Nauthaga 2 sem Arnardrangur hses. er að byggja. Arnar Haraldsson hjá HLH fór yfir tillögur að mismunandi rekstraráætlunum næstu þrjú árin en áætlanirnar hafa verið uppfærðar frá 1. stjórnarfundu Arnardrangs sem haldinn var 19.12.2022. Áætlanir miða við að rekstur félagsins verði sjálfbær.

2. Nauthagi 2

Vinna við uppbyggingu búsetukjarna fyrir fatlað fólk í eigu Arnardrangs hses. við Nauthaga 2 er hafin. Skammtímalán vegna framvindu 1 og 2 hefur verið endurgreitt til Bergrisans bs. en vegna tafa á skammtímafjármögnun verkefnisins óskar Arnardrangur hses. eftir láni vegna framvindu 3 og 4 að upphæð kr. 18.901.132. Lánaviðræður við banka eru komnar á veg og verður lán endurgreitt þegar það liggur fyrir.

Stjórn samþykkir samhljóða að óska eftir skammtímaláni frá Bergrisanum bs.

Fundi slitið klukkan 09:45